



Formannafundur

## Fundagerð formannafundar þann 23.apríl 2024, haldinn í Vallarhúsinu kl. 17.00

Mætt eru: Marinó Hákonarson, Guðni Páll Viktorsson, Björgvin Hilmarsson, Sólveig Pálsdóttir, Heba Dís Þrastardóttir, Hjördís Þráinsdóttir, Jenný Hólmsteinsdóttir, Magnús Þór Bjarnason, Dagný Finnbjörnsdóttir

Formaður Anton Helgi Guðjónsson setur fundinn

Fyrsta umræða er um skrifstofu HSV sem er verið að tæma þessa dagana, nokkrar mublur eru á skrifstofunni sem þarf að koma út, íþróttafélögum boðið að nálgast þær komi þær þeim til gagns.

- **Drög að rekstraráætlun**

Gjaldkeri HSV, Hjördís Þráinsdóttir fer yfir drög að rekstraráætlun.

- **Ársreikningur HSV**

Gjaldkeri, Hjördís Þráinsdóttir fer yfir ársreikning, full kláraður en skoðunarmenn eiga eftir að yfirfara og kvitta undir ásamt stjórn.

- **Ný stjórn**

Nokkur endurnýjun verður í stjórn á næsta þingi, Ingibjörg Elín og Páll Janus voru kosin til tveggja ára á þinginu árið 2023 og munu því halda áfram. Kjósa þarf formann á þinginu ásamt 3 meðstjórnendum og 3 í varastjórn.

Formenn íþróttafélaga eru beðnir um að fara með þessar upplýsingar inn í sín félög, mikilvægt er að íþróttafélög séu meðvituð um að öflugt Héraðssamband er íþróttafélögum til heilla og þurfa félög í sameiningu að sjá til þess að stjórn sé vel mönnum.

- **Skýrsluskil félag**

Anton Helgi Guðjónsson formaður ítrekar skýrsluskil, mikilvægt er að árskýrslum sé skilað og aðalfundir haldnir með löglegum hætti. Stjórn HSV skal boðuð á alla aðalfundi aðildarfélaga.

- **Rekstraráætlun tillaga um reglugerð**

Farið yfir drög að reglum sem lagðar verða fyrir þingið, reglugerðin er fyrst og fremst sett fram til að tryggja rekstur Héraðssambandsins.



Formannafundur

- **Tillögur fyrir þingið**

Farið yfir þakkar- og hvatningartillögur, samþykktar á formannafundi og verða lagðar fyrir þingið þann 7. maí.

- **Önnur mál**

Viðhald á íþróttamannvirkjum er mjög ábótavant, fundurinn er sammála því að Ísafjarðarbær geti gert betur með viðhald og framkvæmdir á íþróttamannvirkjum.

Fundi slitið 18:22